

**FYRIRSPURN**

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð
Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks lögð fram á fundi nr. 74 í innkaupa- og framkvæmdaráði 16. júní 2022:

Óskað er eftir upplýsingum um framkvæmdir vegna leikvallar við Sæviðarsund þar sem m.a. verði gerð grein fyrir kostnaði og verktíma. Hvenær hófst verkið, hvenær voru áætluð verklok við upphaf þess og hvenær eru áætluð verklok nú? Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnaðaráætlanir, áfallinn kostnað og endanlegan kostnað.

Greinargerð:

Framkvæmda kostnaður við endurnýjun leikvallar við Sæviðarsund var áætlaður 12.690.950 kr. áætluð verklok voru 30.12.2021.

Framkvæmdir hófust aftur á móti ekki fyrr en í nóvember sama ár. Þar af leiðandi voru verklok framlengd til 27.05.2022 m.a. vegna veðurfars.

Tilboð verktaka	Raun kostnaður	Aukaverk	Samtals
13.330.050	13.717.500	3.271.000	16.988.500

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Skrifstofu framkvæmda og viðhalds